



6. stjórnarfundur LH
10. febrúar 2021 kl. 17.00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson formaður, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn. Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

- Dómur í máli 10/2020 fyrir dómstóli ÍSÍ
Dómstóll ÍSÍ hefur kveðið upp dóm í máli Ara Björns Thorarensen gegn Aganefnd LH og Landssambandi hestamannafélaga. Niðurstöður dómsins er að úrskurður Aganefndar LH í máli 1/2020, dags. 10. des. 2020 skuli felldur úr gildi. Þar með eru skeiðgreinar og tölt á Metamóti Spretts orðnar löglegar og árangur knapa á mótinu kominn inn í WorldFeng.
Afgreiðsla: Samþykkt að senda út fréttatilkynningu um dóminn. Ljóst er að Sigurbjörn Bárðarson braut keppnisreglur á Metamótinu, samþykkt að bíða niðurstöðu dómstóls ÍSÍ í máli Fredricu Fagerlund gegn LH þar sem það er fordæmisgefandi fyrir mál Sigurbjörns Bárðarsonar.
- FEIF-þing 2021 – tillögur sem liggja fyrir þinginu
Fulltrúar LH á FEIF þingi verða Guðni og Sóley. Farið var yfir þær breytingartillögur sem liggja fyrir þinginu.
- Önnur mál
Samþykkt að fundir stjórnar verði að jafnaði annan hvern miðvikudag kl. 15 eða 20.

Fundi slitið um kl. 18.00